

**Ed.**

### **34. Framvarp**

til laga um aukna landhelgisgæzlu.

Flutningsm.: Halldór Steinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal svo fljótt, sem verða má, láta kaupa eða byggja nýtt skip til landhelgisgæzlu.

2. gr.

Til kaupa eða byggingar skipsins skal verja fé úr landhelgissjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar i stað.

#### **Ástæður.**

Á undanförunum árum hefir landhelgisgæzlunni umhverfis landið verið mjög ábótavant, og öllum þorra landsmanna er orðið það ljóst, að til þess að smábátaútvegurinn geti þrífzt, þarf að koma gæzlunni í sæmilegt horf.

Á Alþingi 1928 var samþykkt, svo að segja i einu hljóði, að láta byggja nýtt strandvarnarskip, en reynslan hefir þegar sýnt, að þótt skipin væru þrjú, var langt frá því, að vörnin væri nægileg. Þegar nú þar við bætist, að eitt þessara skipa, »Þóra«, hefir nýlega strandað og er úr sögunni, þá getur engum dulizt, að gæzlan verður algerlega ófullnægjandi með 2 skipum og því brýn nauðsyn á að kaupa eða byggja eitt skip i viðbót.

Það má telja nokkurnveginn vist, að dómi þeirra manna, er þekkingn hafa á þessum málum, að hið nýja skip mætti vera töluvert minna og að mun ódýrara en »Óðinn« og »Ægir« og mundi eigi að siður geta komið að fullum notum.

Það má segja, að fiskigöngnr og fiskimið i kringum strendur landsins séu, enn sem komið er, litt rannsökuð, en hinsvegar mnndi ítarleg rannsókn á þessn sviði hafa hina mestn þýðingu fyrir vöxt og viðgang sjávarútvegsins, og væri því

mjög æskilegt, að hún þyrfti ekki að dragast lengur. Ef nú eitt skip yrði fengið í viðbót til landhelgisgæzlu, þá virðist ekki fjarri lagi að ætla, að það jafnhliða gæzlunni gæti annað fiskirannsóknir umhverfis landið.